

Bryndís Zoëga, Guðný Zoëga

Fornleifaskráning vegna lagningar hitaveitu frá Hofsósi að Neðra-Ási í Viðvíkursveit



Byggðasafn Skagfirðinga

Rannsóknaskýrslur

2019/223

Forsíðumynd: Minjar í Stekkjarhvammi í landi Grafargerðis. Horft er til norðausturs.



© Bryndís Zoëga og Guðný Zoëga
Byggðasafn Skagfirðinga, Sauðárkróki
2019/223

Inngangur

Að beiðni Skagafjarðarveitna skráði Fornleifadeild Byggðasafns Skagfirðinga fornleifar vegna lagningar hitaveitu frá Hofsósi að Neðra-Ási í Viðvíkursveit. Tengiliður hjá Skagafjarðaveitum var Valur Valsson verkefnastjóri.

Hitaveitulögnin liggur frá Hofsósi um jarðirnar Grafargerði, Gröf, Miðhús, Tumabrekku, Brekkukot, Ósland að Melstað, Undhól, Marbæli, Teig, Kross, Þúfur, Stóra-Gerði, Hlíðarenda, Miklabæ, Sleitustaði og að Smiðsgerði. Frá Melstað liggur einnig heimtaug að Kolkuósi. Frá Sleitustöðum liggur lögnin að Haga, þaðan að Áskoti 7 og síðan að fjórum sumarhúsum sem eru í landi Neðra-Áss 2. Frá sumarbústaðalandinu liggur lögnin að Neðra-Ási 1, 2, og 3. Að síðustu liggur stofnlögn suður yfir Hjaltadalsá að Ásgarði og Ásgarði eystri og vestari.

Framkvæmdir hófust áður en lokaskýrsla kom út en uppmælingargögn ásamt tillögum að mótvægisáðgerðum voru afhentar Minjaverði Norðurlands vestra og voru mótvægisáðgerðir ákveðnar á grundvelli þeirra.

Heimildamenn og landeigendur fá þakkir fyrir veitta aðstoð.

Verkefnisnúmer Minjastofnunar: 2019.

Tilgangur fornleifaskráningar

Fornleifaskráning er forsenda þess að hægt sé að gera heildstætt mat á minjum og minjagildi og er undirstaða allrar minjavörslu og áætlunar um varðveislu og kynningu minja. Með markvissri heildarskráningu skapast grundvöllur til að fylgjast með minjastöðum, hvort þeir séu í hættu vegna skipulagsgerðar eða annarra framkvæmda og hvort náttúrulegar aðstæður geti spilt þeim á einhvern hátt.

Allar fornleifar eldri en 100 ára falla undir ákvæði Menningarminjalaga nr. 80 frá 29. júní 2012.¹ Fornleifar teljast, samkvæmt 3. gr. laganna „hvers kyns mannvistarleifar, á landi, í jörðu, í jökli, sjó eða vatni, sem menn hafa gert eða mannaverk eru á og eru 100 ára og eldri [...]“

Um skráningu vegna skipulags og undirbúnings framkvæmda segir í 16. gr.: „Skráning fornleifa, húsa og mannvirkja skal fara fram áður en gengið er frá aðalskipulagi eða deiliskipulagi. Áður en deiliskipulag er afgreitt eða leyfi til framkvæmda eða rannsókna er gefið út skal skráning ætíð fara fram á vettvangi. [...] Sá sem ber ábyrgð á skipulagsgerð í samræmi við skipulagslög skal standa straum af kostnaði við skráninguna. Ríkissjóður skal þó bera kostnað af fornleifaskráningu sem fram fer innan þjóðlendu nema um annað hafi verið samið. Skulu skipulagsyfirvöld hafa samráð við Minjastofnun Íslands um tilhögun skráningar eða endurskoðun á fyrri fornleifa-, húsa- og mannvirkjaskrár með hliðsjón af fyrirhuguðum breytingum á skipulagi [...]“

Í 24 gr. segir: „Ef fornminjar sem áður voru ókunnar finnast við framkvæmd verks skal sá sem fyrir því stendur stöðva framkvæmd án tafar. Skal Minjastofnun Íslands láta framkvæma vettvangskonunnun umsvifalaust svo skera megir um eðli og umfang fundarins. Stofnuninni er skylt að ákveða svo fljótt sem auðið er hvort verki megir fram halda og með hvaða skilmálum. Óheimilt er að halda framkvæmdum áfram nema með skriflegu leyfi Minjastofnunar Íslands.“ Þetta á að sjálfsögðu bæði við um minjar sem ekki eru sýnilegar á yfirborði en koma í ljós við jarðrask sem og minjar sem kunna að finnast eftir að fornleifaskráningu lýkur og skráningaraðilum hefur af einhverjum sökum yfirsétt.

¹ Lögin má í heild skoða á vefsíðu Alþingis: <https://www.althingi.is/lagas/nuna/2012080.html>

Aðferðafræði

Í undirbúningi að vettvangsskráningu fornleifa eru kannaðar ritheimildir svo sem fornbréfasafn, örnefnaskrár, jarðabækur og byggðasögurit auk þess sem talað er við staðkunnuga þar sem það er mögulegt. Vettvangsferðir felast í því að svæði eru gengin og minjar leitaðar uppi, þeim lýst og þær mældar upp og ljósmyndaðar. Þar sem mögulegt er eru loftmyndir notaðar til að greina minjar eða svæði þar sem líklegt er að minjar finnist.


Í skýrslunni fá allar staðsettar fornleifar nafn jarðarinnar sem þær tilheyra, auk sameiginlegs verkefnanúmers sem Minjastofnun Íslands úthlutar og hlaupandi númer. Til dæmis fær garðlag í landi Grafargerðis raðnúmerið 1 og framan við það er sett verkefnisnúmer Minjastofnunar [2019-1]. Númerið er notað þegar vísað er til fornleifa í texta og á kortum.

Reynt er að leggja mat á um hvaða tegund minja er að ræða, þ.e. híbýli manna, sjóhús o.s.frv., hversu vel þær eru varðveittar og í hve mikilli hættu þær eru af völdum utanaðkomandi áhrifa, s.s. jarðræktar eða landrofs. Ástand minja og hættumat er gefið upp eftir skráningarstöðlum Minjastofnunar Íslands sem finna má á vef stofnunarinnar: www.minjastofnun.is. Hættumat í þessu tilfelli miðast við nálægð minjanna frá fyrirhugaðri lagnaleið.

Vettvangsskráning fór þannig fram að gengið var eftir fyrirhugaðri lagnaleið og minjar skráðar 15m út frá miðlínu til sitt hvorrar áttar. Minjarnar voru mældar upp með GPS tæki sem gefur nákvæmni undir 1m í skekkju.

Yfirlitsmynd er að finna aftast í skýrslunni og í samantektarkafli er tafla með upplýsingum um einstakar minjar: númer, heiti jarðar, hlutverk, tegund og hættumat. Þar eru einnig gerðar tillögur að mótvægisáðgerðum í þeim tilfellum þar sem minjar eru taldar í hættu vegna línulagnarinnar. Ítarlega töflu er síðan að finna aftast í skýrslu þar sem staðsetning minja er gefin upp.

Fornleifaskráning



Mynd 1. Minjar [2019-1-3] í Stekkjarhvammi.

Grafargerði-2019-1

Hlutverk: Óþekkt

Tegund: Garðlag

Hættumat: Mikil hættu. Lögnin fer á milli minja [2019-1-2 og 3] en um 10m eru á milli þeirra.

Mótvægisáðgerðir: Gerð var krafa um að minjar yrðu merktar til þess að forða þeim frá að verða fyrir raski vegna framkvæmdanna.

Staðhættir

Hvammurinn sunnan Grafarár, næst austan eða ofan við Siglufjarðarveg, heitir Stekkjarhvammur og í honum eru garðlag og tóftir.

Lýsing

Garðlagið er vinkillaga og er í heild rúmlega 60m. Það er gróið og erum 30-50cm hátt og mest um 2m á breidd.



Mynd 2. Minjar í Stekkjarhvammi [2019-1-3]. Horft er yfir Grafará til norðausturs.

Grafargerði-2019-2

Hlutverk: Óþekkt, stekkur?

Tegund: Þúst

Hættumat: Mikil hættu. Lögnin fer á milli minja [2019-1-2 og 3] en um 10m eru á milli minjanna.

Mótvægisáðgerðir: Gerð var krafa um að minjar yrðu merktar til þess að forða þeim frá raski vegna framkvæmda.

Staðhættir

Hvammurinn sunnan Grafarár, næst austan eða ofan við Siglufjarðarveg, heitir Stekkjarhvamur og í honum eru garðlag og tóftir.

Lýsing

Þúst er innan við norðvesturenda garðlags [2019-1]. Hún er 5x9m að utanmáli og liggur samsíða garðinum frá suðvestri til norðausturs. Hún er algróin, grasi mosa og lyngi og um 40cm há.

Aðrar upplýsingar

Hlutverk er óþekkt en mögulega eru þetta leifar stekkjara þess sem hvammurinn dregur nafn sitt af.

Grafargerði-2019-3

Hlutverk: Óþekkt

Tegund: Tóft

Hættumat: Mikil hætta. Lögnin fer á milli minja [2019-1-2 og 3] en um 10m eru á milli minjanna. Auk þess stafar minjunum hætta af landbroti. Tóftin er á árbakka og hefur þegar líklega aðeins brotið af henni norðan til.

Mótvægisáðgerðir: Gerð var krafa um að minjar yrðu merktar til þess að forða þeim frá raski vegna framkvæmda.

Staðhættir

Hvammurinn sunnan Grafarár, næst austan eða ofan við Siglufjarðarveg, heitir Stekkjarhvammur. Norðaustast í hvamminum, á syðri árbakkanum, er tóft.

Lýsing

Tóftin snýr norður-suður og er opin mót norðri, í átt að ánni. Hún er algróin grasi, mosa og lyngi og er 3,5x6m að utanmáli. Veggir eru 40-70cm háir og tæplega metri á breidd.



Mynd 3. Tóft [2019-4] við túngirðinguna. Horft er til suðurs.

110m norðvestur af sumarbústað í landi Miðhúsa er tóft.

Lýsing

Tóftin er um 5x5,5m að utanmáli og hafa dyr verið á henni við suðvestur horn. Veggir eru 20-50cm háir og rétt um metri á breidd. Tóftin er algróin grasi og mosa. Norðan hennar er algróin þúst.

Miðhús-2019-4

Hlutverk: Óþekkt


Tegund: Tóft

Hættumat: Mikil hætta. Hita-veitulögnin liggur þvert yfir tóftina.

Mótvægisáðgerðir: Gerðar voru kröfur um að lögnin yrði annað hvort færð í túnið sunnan við minjarnar eða norður að vegi.

Staðhættir

Fast norðan túngirðingar, um



Mynd 4. Tóftir [2019-4 og 5].

Miðhús-2019-5

Hlutverk: Óþekkt

Tegund: Tóft

Hættumat: **Hætta.** Minjarnar eru rétt um 10m norður af lagnaleið.

Mótvægisáðgerðir: Ekki var talin þörf á mótvægisáðgerðum.

Staðhættir

Um 15m norður af túngirðingu og rétt tæpa 100m norðvestur af sumarbústaði í landi Miðhúsa er

tóft.

Lýsing

Tóftin snýr norður-suður og er 4,5x6m að utanmáli. Dyr hafa snúið mót suðri. Veggir eru 20-50cm háir og rúmlega metri á breidd. Þeir eru algrónir grasi, mosa og lyngi og virðist tóftin vera eldri en tóft [2019-4] sem er rétt rúmlega 20 metrum suðvestar.

Ósland-2019-6

Sérheiti: Háagerði

Hlutverk: Híbýli

Tegund: Heimild

Hættumat: **Hætta.** Nákvæm staðsetning mögulegra jarðlægra minja er ekki þekkt en fari lögnin meðfram vegi eins og áætlað er, er ekki talið að þær séu í mikilli hættu vegna framkvæmda.

Mótvægisáðgerðir: Ekki var talin þörf á mótvægisáðgerðum.

Staðhættir

Á hól vestan heimreiðar að Brekkukoti, tæplega 100m suðvestur af íbúðarhúsinu var áður húsmannsbýlið Háagerði eða Framanísmeygja.

Lýsing

Búið er að slétta úr minjum á hólnum og er nákvæm staðsetning býlisins ekki þekkt.

Aðrar upplýsingar

Í VII. bindi Byggðasögu Skagafjarðar (bls. 105-106) segir: „Háagerði var húsmannskofi á hólnum neðan við núverandi bæjarhús í Brekkukoti, rétt neðan við veginn heim að bænum.

Menn hafa kallað bústaðinn Framanísmeygju vegna þess að húskofarnir voru framan í Háagerðishólnum, væntanlega ekki til virðingar við íbúana. Tóftir bæjarhússins eru nú horfnar vegna malarnáms og vegagerðar heim í Brekkukot. Áætluð staða þeirra er skammt neðan við hliðið heim að Brekkukoti.“

Marbæli-2019-7

Sérheiti: Hlíðarhús

Hlutverk: Félagsheimili

Tegund: Heimild

Hættumat: Hætta. Mögulegar jarðlægar minjar gætu verið í hættu vegna framkvæmda.

Mótvægisáðgerðir: Ekki var gerð krafa um mótvægisáðgerðir.

Staðhættir og lýsing

Heimtaugin að félagsheimilinu Hlíðarhúsum kemur að húsinu að norðan. Þar stóð eldra hús [2019-7] sem reist var 1902 og var rífið 1925 (Byggðasaga Skagafjarðar VII, bls. 83). Ekkert sér eftir af eldra húsinu og nú er malarplan þar sem húsið stóð.



Mynd 5. Fjárhústóftin [2018-8], gróin grænu grasi, er ofan girðingar. Horft er neðan af túninu til norðausturs.

Teigur-2019-8

Hlutverk: Fjárhús

Tegund: Tóft

Hættumat: Engin hættu

Mótvægisáðgerðir: Ekki var talin þörf á mótvægisáðgerðum.

Staðhættir

Bær og útihús í Teigi voru í hólunum sem eru austur af núverandi túnnum.

Lýsing

Fjárhústóftin var ekki skráð á vettvangi en hnit voru tekin af

loftmynd þar sem tóftin sést greinilega. Ekki var talin þörf á að skrá minjarnar sérstaklega þar sem ólíklegt var talið að farið yrði með hitaveitulögnina upp í hólana.

Aðrar upplýsingar

Í VI. bindi Byggðasögu Skagafjarðar (bls. 75) er fjárhúsunum svo lýst: „Norðan við bæjarhólinn eru fjárhústóftir (65°49'080/19°20'457) sem snúa norður/suður, tvístæðuhús, um 8m löng og 11 metra breið. Steyptur garði með baðkari í við garðahöfuð að vestan. Fjárhúsin eru skammt

norðan við heimreiðna að Teigi, í laut milli Bæjarhóls og Kofahóls eða Hesthúshóls, sem er norðan við heimreiðina. Í skýrslu frá árinu 1964 eru þau sögð taka 40 kindur, þá orðin mjög léleg.“



Mynd 6. Bæjarhóllinn fagur grænn en aðeins rofinn. Horft er til nna, neðan af túninu.

Teigur-2019-9

Hlutverk: Híbýli

Tegund: Tóft

Hættumat: Engin hætta

Mótvægisaðgerðir: Ekki var talin þörf á mótvægisaðgerðum.

Staðhættir

Bæjarhús í Teigi voru í hólunum sem eru austur af núverandi túnnum.

Lýsing

Bæjartóftin var ekki skráð á vettvangi en hnit voru tekin af

loftmynd þar sem tóftin sést greinilega. Ekki var talin þörf á að skrá minjarnar sérstaklega þar sem ólíklegt var talið að farið yrði með hitaveitulögnina upp í hólana.

Teigur-2019-10

Hlutverk: Heimreið

Tegund: Gata

Hættumat: Engin hætta

Mótvægisaðgerðir: Ekki var talin þörf á mótvægisaðgerðum.

Staðhættir og lýsing

Heimreiðin að Teigi sést greinilega á loftmynd og liggur hún um hólana og endar við gamla bæjarstæðið. Hún var hnitsett af loftmynd.

Kross-2019-11

Hlutverk: Híbýli

Tegund: Heimild

Hættumat: Hætta. Lögnin fer í gegnum gamla bæjarstæðið. Mögulegar jarðlægar minjar gætu verið í hættu.

Mótvægisáðgerðir: Gerð var krafa um að lögnin yrði færð ef það væri mögulegt að öðrum kosti þyrfti að fara fram framkvæmdaefirlit og rannsókn vegna mögulegra jarðlægra minja.

Staðhættir

Gamli bærinn á Krossi stóð austan við núverandi íbúðarhús

Lýsing

Búið er að rífa gamla bæinn og sjást engin ummerki eftir hann. Þarna eru nú bílastæði og grasflöt.

Kross-2019-12

Hlutverk: Fjós

Tegund: Heimild

Hættumat: Hætta. Lögnin fer um 6m austan við gamla fjósstæðið en ekki er talið að jarðlægar minjar séu í hættu.

Mótvægisáðgerðir: Ekki var talin þörf á mótvægisáðgerðum.

Staðhættir

Gamla fjósið var norðan við núverandi íbúðarhús.

Lýsing

Búið er að rífa fjósið og þarna er nú malarplan og garður við íbúðarhúsið.

Þúfur-2019-13

Hlutverk: Híbyli

Tegund: Heimild

Hættumat: Hætta. Leifar gamla bæjarins eru rúmlega 10m frá langaleið og þeim er ekki talin stafa mikil hættu af framkvæmdum.

Mótvægisáðgerðir: Ekki var talin þörf á mótvægisáðgerðum.

Staðhættir og lýsing

Gamli bærinn á Þúfum var sunnan við núverandi íbúðarhús. Búið er að slétta úr bæjartóftinni og sést hún ekki lengur.

Þúfur-2019-14

Hlutverk: Fjós

Tegund: Steyptur grunnur

Hættumat: Hætta. Leifar fjóssins eru rétt um 10m vestur af lagnaleið en þeim er ekki talin stafa mikil hættu af framkvæmdunum.

Mótvægisáðgerðir: Ekki var talin þörf á mótvægisáðgerðum.

Staðhættir

Fjósið á Þúfum var norðan við núverandi íbúðarhús.

Lýsing

Búið er að rífa fjósið en steypur grunnur er enn þar sem það stóð.

Stóra-Gerði-2019-15

Hlutverk: Híbýli

Tegund: Heimild

Hættumat: Engin hætt. Gamli bærinn var norðan við íbúðarhúsið en lögnin kemur að því úr vestri.


Mótvægisáðgerðir: Ekki var talin þörf á mótvægisáðgerðum.

Staðhættir

Búið er að rífa gamla bæinn sem var norðan við íbúðarhúsið sem reist var árið 2006.

Lýsing

Smá dæld sést þar sem kjallari gamla bæjarins, skammt ofan gamla íbúðarhússins en að öðru leyti er bærinn horfinn af yfirborði.



Mynd 7. Minjar á merkjum Hlíðarenda og Sleitustaða. Syðst eru tóftir við býlið Kringlugerði en bæjartóftirnar lenda utan svæðis.

Miklibær-2019-16

Hlutverk: Mótóft

Tegund: Tóft

Hættumat: Engin hættu.

Minjarnar eru um 15m frá lagnaleið.

Mótvægisáðgerðir: Ekki var talin þörf á mótvægisáðgerðum.

Staðhættir

Til suðausturs frá bæjar- og útihúsum á Hlíðarenda og að merkjum við Sleitustaði eru melhólar og á og við þá mógrafir og mótóftir. Ein þeirra er um 430m suðaustur frá íbúðarhúsinu á Hlíðarenda.

Lýsing

Mótóftin er um 3x4m að utanmáli og 30cm há. Hún er algróin grasi.

Sleitustaðir-2019-17

Sérheiti: Kringlugerði

Hlutverk: Óþekkt

Tegund: Tóft

Hættumat: Mikil hættu. Minjarnar eru rétt um 4m frá lagnaleið og taldar í mikilli hættu vegna þess.

Mótvægisáðgerðir: Gerð var krafa um að lögnin yrði færð í túnið neðan við hólninn. Ef þess væri ekki viðkomið þyrfti að kanna aldur og eðli minjanna.

Staðhættir

Tóft er suðvestan veglegs hól sem er norðan túna á Sleitustöðum. Um 430m norðvestur af íbúðarhúsinu á Sleitustöðum.

Lýsing

Tóftin er 8,5x11m að utanmáli og snýr norðvestur-suðaustur. Veggir eru algrónir og mikil sína var á tóftinni þegar skráning fór fram. Veggirnir eru þýfðir, 20-50cm háir og um 1,5m á breidd.

Aðrar upplýsingar

Í VI. bindi Byggðasögðu Skagafjarðar (bls. 370) segir: „Um það bil 200 metrum ofan við þjóðveg og svipaða vegalengd sunnan við merkjagirðinguna er hár hóll og umfangsmikill. Uppi á honum hæstum er víðáttumikið tóftasvæði. Tóftir eru einnig sunnan við hólinn og neðan við hann er mjög fornleg tóft.“

Miklibær-2019-18

Hlutverk: Mótóft

Tegund: Tóft

Hættumat: Mikil hættu. Minjarnar eru í lagnaleið.

Mótvægisáðgerðir: Lagt var til að lögnin yrði færð þannig að hún lægi á milli hólanna en ekki eftir þeim endilöngum til þess að forða minjum raski.

Staðhættir

Nokkrar mótóftir liggja í hnapp, rétt tæpa 100m norðvestur af merkjum Miklabæjar og Sleitustaða. Tvær vestustu eru innan 15m frá línunni.

Lýsing

Vestari tóftin er 2,6x4,5m að utanmáli. Hún er 20-30cm há og algróin grasi.

Miklibær-2019-19

Hlutverk: Mótóft

Tegund: Tóft

Hættumat: Hættu. Minjarnar eru um 8m frá fyrirhugaðri lagnaleið og taldar í hættu vegna framkvæmda.

Mótvægisáðgerðir: Lagt var til að lögnin yrði færð þannig að hún lægi á milli hólanna en ekki eftir þeim endilöngum til þess að forða minjum raski.

Staðhættir

Nokkrar mótóftir liggja í hnapp, rétt tæpa 100m norðvestur af merkjum Miklabæjar og Sleitustaða. Tvær vestustu tóftanna eru innan framkvæmdasvæðis.

Lýsing

Austari tóftin er 4x5,5m að utanmáli. Veggir eru 10-30cm háir og tóftin algróin grasi.



Mynd 8. Mógröf [2019-20] sést fyrir miðri mynd en í forgrunni er mótóft [2019-21]. Í bakgrunni er merkjagirðingin á milli Sleitustaða og Miklabæjar.

Sleitustaðir-2019-20

Hlutverk: Mógröf

Tegund: Tóft

Hættumat: Mikil hættu. Lögnin fer yfir vesturenda minjanna og verða þær fyrir raski að óbreyttu.

Mótvægisáðgerðir: Gerð var krafa um að lögnin yrði færð vestur fyrir mógrafirnar og mótóftirnar til að forða minjum raski.

Staðhættir

Mógröf er í landi Sleitustaða, norður við merkin við Miklabæ.

Lýsing

Hún er tæplega 730fm að flatarmáli og um 60cm djúp.

Sleitustaðir-2019-21

Hlutverk: Mótóft

Tegund: Tóft

Hættumat: Mikil hættu. Lögnin fer þvert yfir tóftina og verður hún fyrir raski að óbreyttu.

Mótvægisáðgerðir: Gerð var krafa um að lögnin yrði færð vestur fyrir mógrafirnar og mótóftirnar til að forða minjum raski.

Staðhættir

Mógröf er í landi Sleitustaða, norður við merkin við Miklabæ og fast sunnan hennar eru tvær mótóftir.

Lýsing

Nyrðri mótóftin og sú sem er nær mógröfinni er 3x4m að utanmáli. Innbrún er á veggjum og eru þeir mest um 50cm breiðir og 10-30cm háir. Tóftin er algróin grasi.

Sleitustaðir-2019-22

Hlutverk: Mótóft

Tegund: Tóft

Hættumat: Mikil hættu. Minjarnar eru tæplega 4m frá lagnaleið og því í hættu að verða fyrir raski vegna framkvæmda.

Mótvægisáðgerðir: Gerð var krafa um að lögnin yrði færð vestur fyrir mógrafirnar og mótóftirnar til að forða minjum raski.

Staðhættir

Mógröf er í landi Sleitustaða, norður við merkin við Miklabæ og fast sunnan hennar eru tvær mótóftir til viðbótar.

Lýsing

Syðri tóftin er 2,5x3m að utanmáli, veggir 10-30cm háir og algrónir grasi.



Mynd 9. Mótóft [2019-23]. Horft er til norðvesturs.

Miklibær-2019-23

Hlutverk: Mótóft

Tegund: Tóft

Hættumat: Mikil hætta.

Tóftin er innan við 2m frá lagnaleið og miklar líkur eru taldar á raski vegna framkvæmda.

Mótvægisáðgerðir: Lagt var til að lögnin yrði færð þannig að hún lægi á milli hólanna en ekki eftir þeim endilöngum til þess að

forða minjum raski.

Staðhættir

Til suðausturs frá bæjar- og útihúsum á Hlíðarenda og að merkjum við Sleitustaði eru melhólar og á og við þá mógrafir og mótóftir. Mótóft er um 180m norðvestur af merkjum milli Sleitustaða og Miklabæjar.

Lýsing

Tóftin er 4x6m að utanmáli. Veggir 20-40cm háir og um 50cm breiðir. Tóftin er algróin grasi.

Sleitustaðir-2019-24

Sérheiti: Kringlugerði

Hlutverk: Óþekkt

Tegund: Niðurgröftur, slétt svæði

Hættumat: Mikil hætta. Lögnin liggur yfir minjarnar og þær verða fyrir raski að óbreyttu.

Mótvægisáðgerðir: Gerð var krafa um að lögnin yrði færð í túnið neðan við hólninn. Ef þess væri ekki viðkomið þyrfti að kanna aldur og eðli minjanna.

Staðhættir

Tóft [2019-17] er suðvestan veglegs hól sem er norðan túna á Sleitustöðum. Um 430m norðvestur af íbúðarhúsinu á Sleitustöðum. Tæplega 10m norður af tóftinni er slétt svolítið niðurgrafið svæði sem gætu verið leifar byggingar.

Lýsing

Svæðið sem er nokkuð slétt, virðist niðurgrafið og um 7x8m að utanmáli og um 30 cm djúpt. Þarna var mikil sína þegar skráning fór fram og gæti verið að einhver veggjalög leyndust í gróðrinum.

Aðrar upplýsingar

Í VI. bindi Byggðasögðu Skagafjarðar (bls. 370) segir: „Um það bil 200 metrum ofan við þjóðveg og svipaða vegalengd sunnan við merkjagirðinguna er hár hóll og umfangsmikill. Uppi á honum hæstum er víðáttumikið tóftasvæði. Tóftir eru einnig sunnan við hólninn og neðan við hann er mjög fornleg tóft.“

Sleitustaðir-2019-25

Sérheiti: Gerði

Hlutverk: Hesthús

Tegund: Heimild

Hættumat: Engin hættu.

Mótvægisgerðir: Ekki var gerð krafa um mótvægisgerðir.

Staðhættir

Íbúðarhúsið Smáragrund II stendur á svonefndu Gerði en þar voru áður hesthús.

Lýsing

Húsin er horfin og sjást ekki á yfirborði.



Mynd 10. Tóft [2019-26]. Horft er til suðvesturs.

Ásgarður Eystri og Vestari-2019-26

Hlutverk: Mótóft

Tegund: Tóft

Hættumat: Mikil hættu.

Minjarnar eru um metra frá lagnaleið og því í mikilli hættu vegna framkvæmda.

Mótvægisgerðir: Gerð var krafa um að lögninni yrði hliðrað örfáa metra til til norðurs.

Staðhættir

Nokkrar tóftir, líklega mótóftir eru í landi Ásgarðs Eystri- og Vestari, við malargrús um 65m norðvestan við gamla akveginn að Sleitustöðum. Tvær þeirra eru innan áhrifasvæðis vegna framkvæmda.

Lýsing

Austari tóftin sem líklega er mótóft er um 4,5x4,5m að utanmáli. Hún er algróin, grasi, mosa og lyngi. Veggir eru 10-30cm háir og um 50cm breiðir og tóftin snýr norðaustur-suðvesturs.



Mynd 11. Tóft [2019-27] rétt neðan við miðja mynd. Horft er til er til suðausturs.

Ásgarður Eystri og Vestari- 2019-27

Hlutverk: Mótóft

Tegund: Tóft

Hættumat: Hætta.

Minjarnar eru um 10m frá lagnaleið og ekki taldar í mikilli hættu vegna framkvæmda.

Mótvægis-aðgerðir: Ekki var talin þörf á mótvægis-aðgerðum.

Staðhættir

Nokkrar tóftir, líklega mótóftir eru í landi Ásgarðs Eystri- og Vestari, við malargrús um 65m norðvestan við gamla akveginn að Sleitustöðum. Tvær þeirra eru innan áhrifasvæðis vegna framkvæmda.

Lýsing

Vestari tóftin er 3x4,5m að utanmáli. Hún snýr norður-suður og veggir eru 130cm háir. Tóftin er algróin grasi, mosa og lyngi.



Mynd 12. Horft er eftir túngarðinum [2019-28] til suðausturs. Garðurinn endar við grenitréð við hjólhýsið.

Neðri-Ás-2019-28

Sérheiti: Áskot

Hlutverk: Túngarður

Tegund: Garðlag

Hættumat: Hætta. Garðurinn er um 4m frá lagnaleið en ekki er talið að hann verði fyrir raski ef lögnin fer meðfram vegi eins og fyrirhugað er. Trjám hefur verið plantað á og við garðinn á nokkrum stöðum og eru minjarnar taldar í hættu af þeim sökum.

Mótvægisaðgerðir: Ekki var talin þörf á mótvægisaðgerðum.

Staðhættir

Túngarður var utan um fornbylíð Áskot þar sem nú er sumarbústaðabyggð í landi Neðra-Áss 2.

Lýsing

Garðurinn liggur í hálfhring og er gamli bæjarhóllinn nyrst og austast í gamla túninu. Garðurinn er um 220m langur og vel greinanlegur á kafla en endar á tveimur stöðum við heimreiðina að sumarbústöðunum. Garðurinn er 30-100cm hár og mest um 3m á breidd þar sem hann er breiðastur.

Aðrar upplýsingar

Í VI. bindi Byggðasögðu Skagafjarðar (bls. 278) segir: „Áskot er um 850 metra út og niður frá Neðra-Ási. Þar er töluvert túnstæði, að miklu leyti slétt. (...) Vallargarðurinn í Áskoti er allur á harðlendi ofan til og er mjög glöggur og gildur.“



Mynd 13. Tóft [2019-29].

Neðri-Ás-2019-29

Sérheiti: Áskot

Hlutverk: Óþekkt

Tegund: Tóft

Hættumat: Hætta. Minjarnar eru um 4m frá lagnaleið en staðsetning hennar er þannig að ekki er talin hætta á raski vegna framkvæmda.

Mótvægisaðgerðir: Ekki var talin þörf á mótvægisaðgerðum.


Staðhættir

Norðan við veginn sem liggur um sumar-bústaðahverfið, rétt tæpa 40m norðaustur af gamla túninu á Áskoti er tóft. Tóftin er beint vestur af skúr sem stendur við veginn og tilheyrir einum

sumarbústaðanna.

Lýsing

Tóftin er nokkuð hringlaga og er um 4,5m að þvermáli. Dyr hafa snúið til suðurs. Tóftin er algróin grasi og mosa. Veggir eru 30-50cm háir og um 60cm á breidd.



Mynd 14. Tóft [2019-30] í garðinum við vestasta sumarbústaðinn í landi Neðra-Áss 2. Myndin er tekin árið 2004. Horft er til nna.

Neðri-Ás-2019-30

Sérheiti: Áskot

Hlutverk: Óþekkt

Tegund: Tóft

Hættumat: Hætta. Tóftin er ekki talin í hættu vegna lagningar hitaveitu þar sem lögnin kemur að húsinu úr norðri en tóftin er austan við húsið. Aftur á móti hefur trjágróðri verið plantað í námunda

við tóftina og getur henni stafað hættu af þeim sökum.

Mótvægisáðgerðir: Ekki var talin þörf á mótvægisáðgerðum.

Staðhættir

Sumarbústaðabyggð er í landi Neðra-Áss 2 og fast austan við vestasta sumarbústaðinn er tóft.

Lýsing

Tóftin er algróin grasi, 4x5m að utanmáli. Mesta breidd veggja er um 1m og hæð þeirra er mest um 50-60cm að innanmáli.

Neðri-Ás-2019-31

Sérheiti: Gerði

Hlutverk: Fjárhús

Tegund: Heimild

Hættumat: Engin hættu. Húsin stóðu þar sem íbúðarhúsið stendur í dag og ekki er gert ráð fyrir að lagning hitaveitu hafi áhrif á mögulegar jarðlægar minjar.

Mótvægisáðgerðir: Ekki var talin þörf á mótvægisáðgerðum.

Staðhættir

Þar sem nú stendur íbúðarhúsið í Neðra-Ási II var áður fjárhús sem kallað var Gerði.

Lýsing

Fjárhúsin eru horfin.

Aðrar upplýsingar

Í VI. bindi Byggðasögu Skagafjarðar bls. 281 segir: „Íbúðarhúsið stendur á gömlu fjárhússtæði þar sem kallað var Gerði, 130m neðan við gamla húsið í Neðra-Ási.

Samantekt

Alls voru skráðar 31 fornleifar á lagnaleið hitaveitu frá Hofsósi að Neðra-Ási og Ásgarði. Þar af eru 9 minjar horfnar af yfirborði. Samkvæmt hættumati voru 7 minjar ekki taldar í hættu, 13 minjar í hættu og 12 minjar í mikilli hættu vegna lagningar hitaveitunnar. Í þeim tilfellum sem talið var að framkvæmdir myndu hafa bein áhrif á minjar gerði Minjavörður Norðurlands vestra kröfur um tilfærslu á lögn eða um merkingar á minjunum, sjá töflu 1.

Tafla 1. Hættumat og mótvægisáðgerðir vegna lagningar hitaveitu.

Nr.	Heiti jarðar	Hlutverk	Tegund	Hættumat	Hættuorsök	Mótvægisáðgerðir
2019-1	Grafargerði	óþekkt	garðlag	mikil hætta	framkvæmdir	Minjar verði merktar
2019-2	Grafargerði	óþekkt, stekkur?	þúst	mikil hætta	framkvæmdir	Minjar verði merktar
2019-3	Grafargerði	óþekkt	tóft	mikil hætta	framkvæmdir, landbrot	Minjar verði merktar
2019-4	Miðhús	óþekkt	tóft	mikil hætta	framkvæmdir	Tilfærsla á lögn
2019-5	Miðhús	óþekkt	tóft	hætta	framkvæmdir	Engar kröfur
2019-6	Ósland	híbýli	heimild	hætta	framkvæmdir	Engar kröfur
2019-7	Marbæli	félagsheimili	heimild	hætta	framkvæmdir	Engar kröfur
2019-8	Teigur	fjárhús	tóft	engin hætta		Engar kröfur
2019-9	Teigur	híbýli	tóft	engin hætta		Engar kröfur
2019-10	Teigur	heimreið	gata	engin hætta		Engar kröfur
2019-11	Kross	híbýli	heimild	hætta	framkvæmdir	Tilfærsla/rannsókn
2019-12	Kross	fjós	heimild	hætta	framkvæmdir	Engar kröfur
2019-13	Þúfur	híbýli	heimild	hætta	framkvæmdir	Engar kröfur
2019-14	Þúfur	fjós	grunnur	hætta	framkvæmdir	Engar kröfur
2019-15	Stóragerði	híbýli	heimild	engin hætta		Engar kröfur
2019-16	Miklibær	mótóft	tóft	engin hætta		Tilfærsla á lögn
2019-17	Sleitustaðir	óþekkt, rétt	tóft	mikil hætta	framkvæmdir	Tilfærsla á lögn
2019-18	Miklibær	mótóft	tóft	mikil hætta	framkvæmdir	Tilfærsla á lögn
2019-19	Miklibær	mótóft	tóft	hætta	framkvæmdir	Tilfærsla á lögn
2019-20	Sleitustaðir	mótóft	niðurgroftur	mikil hætta	framkvæmdir	Tilfærsla á lögn
2019-21	Sleitustaðir	mótóft	tóft	mikil hætta	framkvæmdir	Tilfærsla á lögn
2019-22	Sleitustaðir	mótóft	tóft	mikil hætta	framkvæmdir	Tilfærsla á lögn
2019-23	Miklibær	mótóft	tóft	mikil hætta	framkvæmdir	Tilfærsla á lögn
2019-24	Sleitustaðir	óþekkt	niðurgroftur, slétt svæði	mikil hætta	framkvæmdir	Tilfærsla á lögn
2019-25	Sleitustaðir	hesthús	heimild	engin hætta		Engar kröfur
2019-26	Ásgarður Eystri og Vestrari	mótóft	tóft	mikil hætta	framkvæmdir	Tilfærsla á lögn
2019-27	Ásgarður Eystri og Vestrari	mótóft	tóft	hætta	framkvæmdir	Engar kröfur
2019-28	Neðri-Ás II	túngarður	garðlag	hætta	framkvæmdir, trjárækt	Engar kröfur
2019-29	Neðri-Ás II	óþekkt	tóft	hætta	framkvæmdir	Engar kröfur
2019-30	Neðri-Ás II	óþekkt	tóft	hætta	trjárækt	Engar kröfur
2019-31	Neðri-Ás II	fjárhús	heimild	engin hætta		Engar kröfur

Niðurlag

Framkvæmdir hófust áður en lokaskýrsla vegna fornleifaskráningarinnar kom út en fyrirliggjandi voru uppmælingargögn ásamt hættumati vegna framkvæmda. Voru þessi gögn send framkvæmdaraðila og Minjaverði Norðurlands vestra sem að ákvarðaði mótvægisáðgerðir á grundvelli þeirra. Fornleifaskráningin tekur til þeirra minja er enn sjást á yfirborði eða þar sem staðsetning jarðlægra horfinna minja er þekkt. Þess ber að gæta að minjar geta leynst undir yfirborði þótt þær sjáist ekki ofanjarðar. Þar sem fornleifar koma óvænt í ljós ber að tilkynna fundinn til Minjastofnunar Íslands sem ákvarðar um frekari aðgerðir til björgunar eða verndar minjunum.

Heimildaskrá

Hjalti Pálsson (2011). Byggðasaga Skagafjarðar VI. bindi. Hólahreppur. Sögufélag Skagfirðinga, Sauðárkrókur.

Hjalti Pálsson (2014). Byggðasaga Skagafjarðar VII. bindi. Hofshreppur. Sögufélag Skagfirðinga, Sauðárkrókur.

Fylgiskjöl

Hnitaskrá - 2019

Nr.	Heiti jarðar	Hlutverk	Tegund	Aldur frá	Aldur til	Ástand	Hættumat	Hættuorsök	Austun	Norðun
2019-1	Grafargerði	óþekkt	garðlag	1500	1900	vel greinanleg	mikil hætta	framkvæmdir	482337	598936
2019-2	Grafargerði	óþekkt, stekkur?	þúst	800	1900	vel greinanleg	mikil hætta	framkvæmdir	482362	598940
2019-3	Grafargerði	óþekkt	tóft	1500	1900	vel greinanleg	mikil hætta	framkvæmdir, landbrot	482379	598942
2019-4	Miðhús	óþekkt	tóft	1700	1900	vel greinanleg	mikil hætta	framkvæmdir	483073	594976
2019-5	Miðhús	óþekkt	tóft	800	1800	vel greinanleg	hætta	framkvæmdir	483102	594989
2019-6	Ósland	híbýli	heimild	1000	1965	sést ekki	hætta	framkvæmdir	483975	593258
2019-7	Marbæli	félagsheimili	heimild	1902	1925	sést ekki	hætta	framkvæmdir	483918	591918
2019-8	Teigur	fjárhús	tóft	1700	1953	vel greinanleg	engin hætta		484406	591239
2019-9	Teigur	híbýli	tóft	1000	1953	vel greinanleg	engin hætta		484442	591156
2019-10	Teigur	heimreið	gata	1000	1953	vel greinanleg	engin hætta		484430	591178
2019-11	Kross	híbýli	heimild	800	1900	sést ekki	hætta	framkvæmdir	484540	590936
2019-12	Kross	fjós	heimild	1700	1950	sést ekki	hætta	framkvæmdir	484521	590942
2019-13	Þúfur	híbýli	heimild	1000	1950	sést ekki	hætta	framkvæmdir	485654	590143
2019-14	Þúfur	fjós	grunnur	1000	1950	sést ekki	hætta	framkvæmdir	485640	590176
2019-15	Stóragerði	híbýli	heimild	1850	1953	sést ekki	engin hætta		485838	590110
2019-16	Miklibær	mótóft	tóft	1600	1930	vel greinanleg	engin hætta		486133	589392
2019-17	Sleitustaðir	óþekkt, rétt	tóft	800	1800	vel greinanleg	mikil hætta	framkvæmdir	486401	588985
2019-18	Miklibær	mótóft	tóft	1600	1930	vel greinanleg	mikil hætta	framkvæmdir	486248	589242
2019-19	Miklibær	mótóft	tóft	1600	1930	vel greinanleg	hætta	framkvæmdir	486263	589245
2019-20	Sleitustaðir	mótóft	niðurgroftur	1600	1930	vel greinanleg	mikil hætta	framkvæmdir	486323	589152
2019-21	Sleitustaðir	mótóft	tóft	1600	1930	vel greinanleg	mikil hætta	framkvæmdir	486333	589138
2019-22	Sleitustaðir	mótóft	tóft	1600	1930	vel greinanleg	mikil hætta	framkvæmdir	486330	589131
2019-23	Miklibær	mótóft	tóft	1600	1930	vel greinanleg	mikil hætta	framkvæmdir	486206	589309
2019-24	Sleitustaðir	óþekkt	niðurgroftur, slétt svæði	800	1800	greinanleg	mikil hætta	framkvæmdir	486409	589002
2019-25	Sleitustaðir	hesthús	heimild	1700	1950	sést ekki	engin hætta		486567	588632
2019-26	Ásgarður Eystri og Vestrari	mótóft	tóft	1600	1930	vel greinanleg	mikil hætta	framkvæmdir	486408	587449
2019-27	Ásgarður Eystri og Vestrari	mótóft	tóft	1600	1930	vel greinanleg	hætta	framkvæmdir	486389	587450
2019-28	Neðri-Ás II	túngarður	garðlag	800	1700	vel greinanleg	hætta	framkvæmdir, trjárækt	487738	586854
2019-29	Neðri-Ás II	óþekkt	tóft	1500	1900	vel greinanleg	hætta	framkvæmdir	487765	586889
2019-30	Neðri-Ás II	óþekkt	tóft	1500	1800	vel greinanleg	hætta	trjárækt	487623	586902
2019-31	Neðri-Ás II	fjárhús	heimild	1700	1980	sést ekki	engin hætta		488304	586271

